

Fundur í Betadeild mánudaginn 13. janúar 2025

Fundurinn var haldinn á heimili Ingibjargar Auðunsdóttur að Eikarlundi 4.

Mættar voru 18 Betasystur.

Undirbúningsnefnd: Anna Þóra, Ingibjörg, Hildur, Rósa og Jóhanna.

Setning fundar

Bornar voru kveðjur frá fjarstöddum konum. Eygló óskaði fundarkonum gleðilegs árs og setti fund, en Rósa kveikti á kertunum.

Orð til umhugsunar

Hildur byrjaði á að fara yfir metsölubækur ársins 2024 og vakti athygli á að flestar þeirra væru eftir íslenska höfunda sem skrifuðu á íslensku. Svo vitnaði hún í bók Bjarna Karlssonar, Bati frá tilgangssleysi. Hún sagði það veita börnum hugarró að segja þeim sögur og sérstaklega höfðaði til þeirra að heyra um eigin fæðingu, þar sem sú saga styrkti trú þeirra á að tilvera þeirra skipti máli.

Anna Þóra tók svo við fundarstjórn fyrir hönd undirbúningsnefndar og kynnti dagskrá.

Fundargerðir síðustu funda lesnar

Selma las fundargerðir tveggja síðustu funda, þar sem ekki gafst færi til slíks á jólafundinum. Fundargerðirnar voru samþykktar.

Erindi frá stjórn

- Eygló minnti aftur á að sækja þarf um Scholarship-styrki fyrir 1. febrúar. Umsóknir í íslenska námsstyrkjasjóðinn þurfa að berast fyrir 1. mars.
- Eygló bað Siguu að hafa frumkvæði um starfið í samfélagsverkefnisnefnd og hafa samband við fulltrúa Mýdeildar.
- Eygló auglýsti eftir konum til að skrifa um sögu deildarinnar vegna afmælisútgáfu. Hún bauð sig sjálf fram í verkið. Þorgerður bauð sig einnig fram og mælti með að fá líka stofnfélaga í ritnefndina. Hanna tók að sér að vera til ráðuneytis og að lokum bauð Elín sig fram til að vera varamaður í nefndinni.
- Von er á frekari upplýsingum frá landssambandi um landssambandsþingið í vor.
- Fundurinn í mars verður óhefðbundinn og undirbúningsnefnd hefur frjálssar hendur. Eygló hvatti nefndina þó til að láta vita fljótlega ef fundurinn á að vera leshringur og velja þá bækur með fyrirvara.

- Eygló afhenti Ragnheiði afmælisgjöf í tilefni 70 ára afmælis hennar. Ragnheiður fékk Sannar gjafir Unicef sem innihéldu 100 skammta af jarðhnetumauki fyrir vannærð börn, vetrarfatnað fyrir tvö börn og fjögur teppi. Hildur flutti síðan afmælistil fyrir Ragnheiði þar sem hún rifjaði upp ýmsa atburði ársins 1954. Í framhaldi af þessu var Hildur hvött til að gera sína óborganlegu afmælistila aðgengilega.
- Minnt var aftur á starf útbreiðslunefndar og fjölgun félagskvenna.

Umræður um bækur, veitingar og happdrætti

Anna Þóra kynnti fyrirkomulag bókakynninga. Hver kona kynnir eina bók og fær til þess þrjár mínútur. Ef fleiri konur eru með sömu bók, ræða þær hana saman. Bókalisti verður að venju settur á vef Betadeildar. Að loknum fyrri hluta bókakynninga var hlé gert til að njóta ljúfra veitinga sem undirbúningsnefnd bauð upp á. Þyngjan gekk og dregið var í happdrættinu. Elín fékk vinninginn sem Lilja kom með. Síðan var haldið áfram með bókakynningar og umræður.

Fundarslit

Eygló þakkaði nefndinni fyrir undirbúning og veitingar og Ingibjörgu fyrir að hýsa fundinn. Eygló sleit fundi og Rósa slökkti á kertunum.

Fundargerð ritaði Selma Hauksdóttir